

NÁMSSÁLFRÆÐI

E-113-NAMS



Ár: 1. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Skylda.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Þorlákur Karlsson.

Lýsing: Fjallað er um grunnferla í því hvernig menn og dýr læra. Meðal umfjöllunarefnis er klassísk skilyrðing (Pavlóvsk) – skilgreiningar, ferlar og beiting; virk skilyrðing – skilgreiningar, ferlar og beiting; aðgreinandi skilyrðing; áreitisstjórnun; styrkingarhættir; nám með athugun; þriggja þátta skilmálar; reglustjórnun hegðun; sjálfsstjórn; hugarstarf og skilyrðing; og samanburðarhrif jákvæðrar og neikvæðrar stjórnunar. Þá er fjallað um hefðbundinn styrk atferlisgreiningar, svo sem mikil áhersla á tilraunaaðferðina, nákvæmar mælingar, nákvæm útfærsla aðferða og að niðurstöður rannsókna séu þungamiðja þekkingarsköpunar.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Lýst og skilið helstu námskenningar og ferla í námi.
- Lýst mismunandi tegundum skilyrðingar, borið þær saman og sagt frá hvað sé líkt og ólíkt með þeim.
- Skilið og útskýrt mismunandi kenningar í námssálfræði.
- Skýrt ýmiss grunnfyrirbrigði í námssálfræði.
- Nefnt og skýrt fjölda dæma um hagnýtingu atferlisgreiningar fyrir sjúklinga, starfsmenn fyrirtækja og í daglegu lífi.

Leikni

- Þekkt dæmi um nám eða breytingu á hegðun og sagt frá hvaða kenning eða ferli í námi geti útskýrt það.
- Spáð fyrir um einfalda hegðun manna eða annarra dýra við mismunandi styrkingarhætti og áreitisstjórnun.
- Gert grein fyrir niðurstöðum sem eru á formi safnrits (e. cumulative record).

Hæfni

- Skilyrt mann eða annað dýr og gert grein fyrir því á fræðilegan hátt í skýrslu.

Námsmat: Verkefni, skyndipróf og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.